

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Storms fyrir árið 2021

Starfsár félagsins 2021 einkenndist eins og vænta mátti af áframhaldandi takmörkunum á starfi og starfsemi félagsins var í lágmarki framan af ári en þegar leið á sumar var ákveðið að hafa reiðnámskeið og hið árlega Storms mót.

Framkvæmdir á félagssvæði Storms á Söndum var hefðbundin enda orðinn hluti af undirbúningi fyrir félagsmót í júlí. Félagsmenn voru kallaðir til vinnukvölds og dyttað að ýmsu.

Reiðnámskeið var haldið 21.-22. júlí í reiðhöllinni að Söndum og fékkst ágætis þátttaka. Reiðkennari var Jóhann Garðar Jóhannesson reiðkennari og tamningamaður. Hefð hefur skapast fyrir því að halda tvö reiðnámskeið á ári á vegum félagsins og eru að jafnaði vel sótt. Aðein var rúm fyrir þetta eina námskeið í ár.

Trek-námskeið. Áætlanir um að halda Trek-námskeið fyrir félagsmenn hafa enn ekki orðið að veruleika en enn á dagskrá.

Félagsmót Hestamannafélagsins Storms að Söndum var dagana 23.-24. júlí 2021 með hefðbundinni dagskrá. Á föstudegi var á dagskrá í reiðhöll félagsins að Söndum með töltkeppni og fljúgandi skeið, þá Sandariddarinn. Á laugardeginum var keppt úti á skeiðvelli. Dómarar mótsins var Jóhann G. Jóhannesson og Hanný Heiler. Keppt var í Púkaflokkum þar sem teymt var undir yngstu kynslóðinni og allir fengu verðlaun og viðurkenningu að launum. Að því loknu tóku við barna- og unglingsflokkar, B-flokkur og A-flokkur. Og síðast en ekki síst var að keppni lokinni haldið í hinn rómaða reiðtúr út í Meðaldal og herlegheitunum þar með slitið.

Aðalfundur Hestamannafélagsins Storms á Vestfjörðum var ekki heldur haldinn þetta ár vegna óvissu um takmarkanir. Stjórn er því óbreytt frá 2020.

Viktor Pálsson, formaður.

Signý Þöll Kristinsdóttir, ritari.

Sonja Elín Thompson, gjaldkeri.

Guðmundur B. Jónsson, meðstjórnandi

Endurskoðendur reikninga; Gylfi Þór Gíslason og Sigurður Guðmundur Sverrisson.

f.h. Hestamannafélagsins Storms
Viktor Pálsson